

## Fundargerð (33)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 4. maí 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Arna Jakobína Björnsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Rakel Guðmundsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson og Kristín Ösp Jónsdóttir  
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams sunnudaginn 2. maí.

- 1. Fundargerð 32. fundar samþykkt.**
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Hún fór sérstaklega yfir upplýsingar um fræðslu og námskeiðahald og greindi frá afar góðu samstarfi við Starfsmennt um framkvæmd námskeiðanna. Námskeiðin voru 101 talsins á tímabilinu desember 2020 til apríl 2021. Samtals hafa 3.250 manns sótt þau auk þess sem einstaka stéttarfélag, vinnustaðir og stofnanir hafa fengið námskeið fyrir sig. Undir þessum dagskrárlíð kom einnig fram að enn er unnið að nauðsynlegustu breytingum á Vinnustund til að mæta þörfum verkefnisins. Stýrihópurinn lýsir sem fyrr áhyggjum af að ekki hafi tekist að þróa og prófa tæknilegar lausnir í þágu verkefnisins nægilega hratt og vel.
- 3. Yfirferð uppfærðs stýriskjals .** Helga fór yfir skjalið **STJÓRNUN innleiðingar á betri vinnutíma í vaktavinnu**, sem stýrihópurinn samþykkti við upphaf starfs síns. Skjalið hefur verið uppfært eftir að SFV fékk aðild að verkefninu og breytingar urðu á mönnun í verkefnisstjórn. Helga minnti á að nú séu ákveðin vatnaskil, innleiðing verkefnisins hafi miðast við 1. maí og framundan sé eftirfylgni, sem gera megri ráð fyrir að verði krefjandi a.m.k. framan af þegar reyni á nýtt kerfi í framkvæmd. Hún lagði til að sér ásamt verkefnisstjórn verði falið að breyta skjalinu miðað við verkefni framundan og leggja breytingar fyrir stýrihóp. Það var samþykkt og jafnframt tóku fulltrúar í stýrihópnum að sér að yfirfara skjalið, og senda ábendingar um breytingar til verkefnisstjóra fyrir lok fimmtudags, þannig að endurskoðun geti farið fram á föstudaginn kemur.

- 4. Jöfnun vinnuskila og vaktahvati.** Bárá Hildur kynnti drög minnisblaðs sem unnið hefur verið í samstarfi verkefnisstjóra við fulltrúa frá launafólki og launagreiðendum. Efni minnisblaðsins rætt og hlaut góðan hljómgrunn. Hópnum falið að fara yfir orðalag og framsetningu til að gera minnisblaðið læsilegra og auðskildara og leggja það fyrir næsta fund til afgreiðslu.
- 5. Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur.** Gögn frá ríki og Reykjavíkurborg lágu fyrir á Teams en Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki skilað gögnum sem beðið var um fyrir umræðuna og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu höfðu gert grein fyrir að frekari frestur væri þeim nauðsynlegur til að safna umbeðnum upplýsingum. Kolbeinn Guðmundsson formaður matshópsins gerði í stuttu máli grein fyrir stöðunni m.a. að viðhorfskönnun var framlengd til upphafs næstu viku vegna dræmrar þátttöku. Ákveðið var að fresta frekari umræðu þar til gögn hafa borist frá öllum launagreiðendum, vonandi fyrir næsta fund. Verkefnisstjórn mun vinna með matshópi að skapalóni fyrir mánaðarlega skýrslugerð til stýrihóps, sem verður mikilvægur liður í eftirfylgni með verkefninu.
- 6. Ferill ef villa er í útborgun 1. júní.** Bárá Hildur fór yfir minnisblað um útborgun launa við næstu mánaðamót og mikilvægi þess að skýr ferill sé hjá hverjum launagreiðanda ef starfsfólk telur sig ekki hafa fengið rétta greiðslu. Í minnisblaðinu eru listuð upp megin skref sem þurfa að vera í ferlinum. Samþykkt að hver launagreiðandi, í samráði við innleiðingarhópa og verkefnisstjórn, samþykki og kynni feril hjá sér.
- 7. Hækkun á starfshlutfalli.** Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi um hvort gefa ætti nýjan frest til að hækka starfshlutfall gerði Bárá Hildur grein fyrir minnisblaði verkefnisstjórnar og ferli við undirbúning málsins. Minnisblaðið rætt og ábendingar komu fram um orðalag og mikilvægi þess að gæta jafnvægis. Samþykkt að verkefnisstjóri geri tillögu að breyttu orðalag í ljósi umræðu og sendi til stýrihópsins. Að því loknu sé rétt að taka þau skref til kynningar málsins sem lögð eru til; þ.e. að það verði sérstakt umfjöllunarefni á fundi verkefnisstjórnar með launagreiðendum, gerð verði frétt til birtingar á vef verkefnisins og stéttarfélögum verði sendur tölvupóstur með ósk um að þau hvetji félagsmenn til að skoða hækkun starfshlutfalls enda sé það í anda fylgiskjals II.
- 8. Önnur mál**
- **Útreikningur á orlofi frá og með 2021.** Rætt um útreikning orlofs þegar nýtt kerfi með sama fjölda orlofsdaga en færri vinnuskyldustundum hefur tekið við. Málið rætt og ekki talið að túlkun á þeirri framkvæmd eigi undir stýrihóp samkvæmt fylgiskjali II.
  - Tryggvi Friðjónsson greindi frá því að hann sé að hverfa frá starfi hjá SFV og þar með úr stýrihópnum. Við því verkefni taki Kristín Ösp Jónsdóttir. Tryggva voru þökkuð einkar góð störf og Kristín Ösp boðin velkomin sem áheyrnarfulltrúi SFV.

Fundi slitið kl. 15.45. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 11. maí kl. 14.00-15.30